

FORNLEIFASKRÁNING OG VETTVANGSKÖNNUN VEGNA LAGNINGU LJÓSLEIÐARA

FRÁ HOLTÍ Í ÖNUNDARFIRÐI AÐ INGJALDSSANDI

Vala Garðarsdóttir
fornleifafræðingur

Efnisyfirlit

- 1. Lagnaleiðin bls 2**
- 2. Samantekt á leiðinni í heild bls 3**
- 3. Fornleifaskráning á lagnaleiðinni í eða við helgunarlínu talið frá Holti í Öfundarfirði að Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.**
- 4. Niðurstöður**
- 5. Heimildir**

Fornleifakönnun vegna lagningu ljósleiðara frá tengistöðinni að Holti í Önundarfirði að Sæbóli á Ingjaldssandi

Úttekt á vettvangi:

Vala Garðarsdóttir, fornleifafræðingur.

9.-11.október 2015

1. Lagnaleiðin- Áætluð leið fyrir ljósleiðara

Leiðin sem um ræðir er tæpir 17 km að lengd. Áætlað er að fara með ljósleiðara meðfram Valþjófsdalsvegi að ofanverðu, þ.e. fjallsmegin undir Ófæruhlíð og að mynni Valþjófsdal. Þaðan er ætlunin að fara vestan við veginn inn dalinn og að Tungu og þaðan inn Dalsdal og uppá Klúku. Þaðan liggur leiðin niður Klúkuna og ofan í Brekkudalinn. Þar næst að bænum Brekku og meðfram veginum að vestanverðu þar til komið er að afleggjaranum að Sæbóli á Ingjaldssandi. (sjá lagnaleið, kort 1).

Könnunin gengur út frá lögum um menningarminjar frá 2013 (sjá <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>) en samkvæmt lögum skulu framkvæmdir vera utan 15 metra frá friðuðum fornminjum og 100 metra frá friðlýstum minjum (svokölluð helgunarlína).



Kort 1

2. Samantekt á leiðinni í heild

Úttekt á vettvangi

Farið var á vettvang 9-11.október 2015 við ágætis skilyrði. Gengið var frá Holti í Önundarfirði að Sæbóli á Ingjaldssandi eftir fyrirhugaðri lagnaleið. (sundurliðuð lagnaleið í fylgigögnum).

Rætt var við hjónin Guðmund Steinar og Sigríði Magnúsdóttur ábúendur á Kirkjubóli í Valþjófsdal og Elísabetu Pétursdóttur á Sæbóli um sögu, staðhætti og minjar í sveitinni.

Leiðinni er skipt í fjóra leggi frá A-D

Leggur A er frá Holti í Önundarfirði að Kirkjubóli í Valþjófsdal

Leggur B er frá Kirkjubóli að Tungu í Valþjófsdal

Leggur C er frá Tungu uppá Klúkuna

Leggur D er frá Klúkunni að afleggjaranum við Sæból á Ingjaldssandi

2.1. Leggur A/ Holt-Kirkjuból

Strengurinn skal liggja austan Valþjófsvegar, milli Ófæruhlíðar og vegar. Þar eru engar minjar sem farið er í gegn eða eru innan 15 metra helgunarlínu. Vestan vegar er nokkuð um minjar við ströndina sem og í dölunum eins og við er að búast.

Hjarðardalsnaustin [001] eru til að mynda við ströndina í miðjum firðinum (sjá mynd 1 og kort 2 og kafla 3).

Um er að ræða fornan lendingarstað bændanna í Hjarðardal. Minnst er á heimræði frá Ytri-Hjarðardal í Jarðabók Árna og Páls frá 1710.¹

Naustin eru skráð og samanstendur sú minjaheild af þremur hrófum, verbúðartóft og nausti. Þar er nú sjóminjasafn í umsjá heimamanna.

Hjarðardalsnaustin eru tóftir, misgrónar en þó vel greinilegar.

Eru þær samtals um 30 metrar á lengd og um 10 metrar á breidd. Vegghæð er mest um 0.7 metrar og veggjaþykkt um 1.5 metri.

Liggja þær í austur-vestur.

¹Kjartan Ólafsson, Firðir og Fólk. bls. 324, 1999

Þegar haldið er áfram meðfram veginum í átt að Dalsófæru undir Ófæruhlíð eru engar minjar að sjá er leiðin liggur um. Rétt áður en komið er að Ófærunni þar sem vegurinn fer fyrir hálsinn er fjárborg [002] eða lítil rétt undir veginum við ströndina (sjá mynd 2, kafla 3). Er hún hinum megin vegarins þar sem lagnaleiðin liggur.

Um er að ræða hringlaga fjárborg 6,5 metra í ummál og er hún grjóthlaðinn. Liggur hún um 12 metra frá ströndinni og um 4 metra frá veginum (sjá frekar kafla 3). Mikill bratti er á þessu svæði og stutt milli fjalls og fjöru. Er því skarpur halli frá veginum og niður að fjárborginni. Greinileg ummerki eru um grónar skriður allt um kring.

2.2. Leggur B/ Kirkjuból-Tunga

Kirkjuból er forn bújörð. Talið er að upphaflegt nafn jarðarinnar hafi verið Valþjófsdalur. Er hún síðar ýmist nefnd Dalur eða Kirkjuból.² Fjórar jarðir eru í Valþjófsdal og eru þær nefndar í gjafabréfi frá 1428 að Kirkjubóli undanskildu enda sagðar hjáleigur frá Kirkjubóli. Í rituðum heimildum er Valþjófsdalur fyrst nefndur í Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar sem talin er rituð um miðja 13. öld. Hjáleigur eru, Tunga, Þorfinnsstaðir og Grafargil.

Minjar eru víða í dalnum á bæjarstæðinu og heimatúnunum auk Kirkjubólskirkju og kirkjugarði. Þó eru ekki minjar á lagnaleiðinni sjálfri.

Friðlýstar minjar eru:

Kirkjuból. a. Svonefnt Káraleiði í vestanverðum Bænhúshól.

b. Staður, sem auðkenndur hefur verið í norðvesturhluta matjurtagarðs. Skjal undirritað af MP 15.02.1954. Þinglýst 27.04.1954.³

Lagnaleiðin er rúma 100 metra frá meintum Bænhúshól.

Þegar gengið er meðfram veginum að eyðibýlinu Tungu mun lagnaleiðin liggja við veginn að vestanverðu. Austan við veginn þegar komið er að heimreið bæjarins liggur túngarður þar í norður-suður (sjá kort 2, mynd 3). Túngarðurinn [003] er innan 15 metra línunnar en skilur vegurinn á milli (sjá kafla 3). Á bæjarstæði Tungu að vestan og norðanverðu, eru greinileg merki í jörðu af eldri mannvirkjum, t.a.m. húsagrunnur, sáðreitir og grunnur af brunnhúsi sem liggur við árbakkann aftan við húsið sjálft sem og hálf uppistandandi fjárhús og garður milli lækja norðan við vélarhúsið sem nú stendur við bæinn. Er þessi mannvirki um 20-30 metra frá heimtauginni að bænum (sumarbústaður). Minjar eru víða sýnilegar norður og vestur af bæjarhólunum.

Grafargilsmegin í dalnum er einnig töluvert af minjum en þær eru um 35-120 metra frá lagnaleiðinni.

² Kjartan Ólafsson, *Firðir og Fólk*. bls 314, 1999

³ Friðlýsingarskrá 1990

Vestan Tunguár sést í grjóthleðslur við árbakkann. Staðsett um 120 metra suðaustur af eyðibýli Grafargils.

2.3. Leggur C/ Tunga-Klúkan

Vitað er um tvennar seljatóftir í Valþjófsdal. Fyrsta er í mynni dalsins en hin fremst í dalnum og kallast Gamlasel. Þessar seljatóftir eru ekki innan eða í nálægð við lagnaleiðina, eru vel utan 100 metranna. Er þó mikilvægt að menn séu upplýstir um þessar minjar.

Gamla reiðleiðin og fjallvegurinn, sem hæst rís um 580 m.y.s., upp á Klúkuna og yfir á Ingjaldssand annars vegar og Gerðhamradal hins vegar liggur skammt frá tóftum Gamlasels Dalsdals megin. Rústir Gamlasels eru greinilegar sem og reiðleiðin. Innar í dalnum eru Fornugrafir, þar var mótekja að sögn Guðmundar í Kirkjubóli.

Lagnaleiðin liggur töluvert utan þessara minja.

Þegar komið er uppá Klúkuna eru stæðilegar vörður meðfram gömlu reiðleiðinni og sjást þær vel frá bæði Klúkunni og toppi Sanddalsheiðar.

Lagnaleiðin liggur þeim að vestanverðu töluvert utan helgunarlínu.

2.4. Leggur D/ Klúkan-Sæból

Þegar komið er efst á Klúkuna og Brekkudalurinn blasir við liggur leiðin fyrir hálsinn og beint suður að bænum Brekku vestan Sanddalsheiðarvegar. Þegar komið er að bænum Brekku liggur leiðin meðfram veginum, enn að vestanverðu, milli skurðar og vegar í átt að Sæbóli.

Heimreiðin að Sæbóli liggur í austur og hefur vegurinn farið í gegnum gamlan garð [004] sem þar liggur í norður-suður frá Sæbólskirkju þar sem hún stendur í dag og norður með heimatúninu (sjá mynd 4 og kort 2).

Saga Ingjaldssands nær allt aftur til Landnáms og var Kirkjujörð frá 12. öld. og er enn.

Gamla kirkjan [005] fauk í ofsaveðri 25. janúar árið 1924 var því ákveðið að reisa nýja kirkju og var svo gert árið 1929 og stendur hún enn á heimatúni Sæbóls. Ummerki um gamla kirkjugarðinn (sjá mynd 5 og 6, kort 2) eru suðvestan Sæbóls II og er þar minnismerki til vitnis og virðingar um kirkjuna og þá sem hvíla í kirkjugarðinum.

Blómleg byggð var á Sæbóli frá öndverðu og nytjar góðar. Mikil sjósókn var á sandinum lengi vel og útræði gott en nú eru þær minjar farnar í sjó sem báru útræðinu vitni. Fornar minjar eru um 500 metra austur af Sæbóli sem eru á friðlýsingarskrá (sjá hér að neðan). En þær eru fjarri lagnaleiðinni. Eru þessar tóftir kallaðar einu nafni Fornmannagarðar en samkvæmt friðlýsingarskrá eru þær nefndi Akrar. Töluvert af tóftum eru innan sem utan þessara garða og sjást vel á loftmynd.

Minjar eru víðsvegar í landi Sæbóls eins og við má búast frá öndverðu til okkar daga.

Friðlýstar minjar á Ingjaldssandi:

Sæból. 1. *Leifar Ingjalds-dysjar, vestantil í melhól uppi á fjallinu Barða, fyrir vestan Sæból.* Sbr. Árb. 1884-1885: 6-7.

3. *Fornar girðingar, nefndar Akrar, fyrir austan Sæból.* Skjal undirritað af Mþ 15.04.1929. Þinglýst 27.06.1929.⁴

3. Fornleifaskráning á lagnaleiðinni í eða við helgunarlínu talið frá Holti í Önundarfirði að Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Hjarðadalsnaust [001]
Auðkennisnúmer: 001
Sérheiti: Hjarðardalsnaust
Tegund: tóft
Tegund annað: heimild
Hlutverk: naust-hróf-verstöð
Aldur frá: 800
Aldur til: 1950
Friðlýst: nei
Ástand: vel greinilegt
Hætta: hætta
vegghæð frá: 0.3
vegghæð til: 0.7
veggjabreidd: 1.5

- Um 12 metrum austar er lagnaleiðin að 001 og vegurinn á milli

Ekki ástæða að breyta lagnaleið



mynd 1- horft til austurs

⁴ Friðlýsingarskrá 1990

Fjárborg/rétt [002]
Auðkennisnúmer: 002
Sérheiti: -
Tegund: tóft
Tegund annað: hleðsla
Hlutverk: fjárborg/rétt
Aldur frá: 800
Aldur til: 1950
Friðlýst: nei
Ástand: vel greinilegt
Hætta: hættu
vegg hæð frá: 1
vegg hæð til: 1.2
veggjabreidd: 1.5

- Lagnaleiðin liggur ofan fjárborgarinn um 10 metra í austur og skilur vegurinn að.

Ekki ástæða að breyta lagnaleið.



mynd 2- horft til austurs

Tunga [003]
Auðkennisnúmer: 003
Sérheiti: -
Tegund: tóft
Tegund annað:
Hlutverk: túngarður
Aldur frá: 800
Aldur til: 1950
Friðlýst: nei
Ástand: greinilegt
Hætta: hættu
vegg hæð frá: 0.3
vegg hæð til: 0.4
veggjabreidd: 1.5

- Túngarðurinn er innan 15 metra línunnar en skilur vegurinn á milli.

Ekki ástæða að breyta lagnaleið



mynd 3- horft í suður

Garður [004]
Auðkennisnúmer: [004]
Sérheiti: -
Tegund: tóft
Tegund annað:
Hlutverk: Túngarður
Aldur frá: 800
Aldur til: 1950
Friðlýst: nei
Ástand: vel greinilegt
Hætta: hætta
vegghæð frá: 0.2
vegghæð til: 0.4
veggjabreidd: 1.5

- Garðurinn er rofinn af veginum og er ráðlagt að línan fari þar meðfram að norðanverðu



mynd 4- horft til austurs

Sæbólaskirkja og kirkjugarður [005]

Auðkennisnúmer: 005
Sérheiti:
Sæbólaskirkjugarður
Tegund: tóft
Tegund annað: heimild
Hlutverk: Kirkja og Kirkjugarður
Aldur frá: 800
Aldur til: 1950
Friðlýst: nei
Ástand: slétt
Hætta: -
vegghæð frá:
vegghæð til:
veggjabreidd:

- Kirkjan og kirkjugarðurinn var slétt á sínum tíma og var settur minningarsteinn þar sem kirkja stóð.



mynd 5

Ef lagnaleiðin mun fara að Sæbóli II er ráðlagt að hún liggi norðan heimreiðar að bænum.



Mynd 6- horft í austur

Horft á minningarsteininn og þar sem kirkja stóð.



kort 2

BLÁR PUNKTUR [001]
RAUDUR PUNKTUR [002]
BLEIKUR PUNKTUR [003]
GRÆNN
PUNKTUR [004]
APPELSÍNUGULUR PUNKTUR [005]

4. Niðurstöður

Leiðin er svo til greið og ekki þykir ástæða að breyta lagnaleiðinni þó minjar séu víða í nágrenni og ekki í línustæðinu sjálfu.

Þegar farið er að Sæbóli er ráðlagt að halda leiðinni norðan heimreiðar og við Sæbólskirkjugarð.

(sjá frekari ljósmyndir, shape-skrár og kort í fylgigögnum)

Heimildir:

Kjartan Ólafsson, Firðir og Fólk 900-1900. Árbók ferðafélags Íslands 1999

Veraldarvefur:

Friðlýsingarskrá 1990, <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Alþingi lög um menningarminjar, <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>